

**138. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fjarfundi,  
4. nóvember 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 1908252 - Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir-  
frístundaþjónusta**

Sameiginlegt mál skóla- og frístundaráðs og velferðar- og mannréttindaráðs. Mat á stöðunni hjá Akraneskaupstað og hvernig er hægt að fullnægja kröfum sem koma fram í lögnum.

*Bára Daðadóttir formaður skóla- og frístundaráðs, Sandra M. Sigurjónsdóttir varaformaður skóla- og frístundaráðs, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður skóla- og frístundaráðs, Valgerður Janusardóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs komu inn á fundinn undir þessum lið.*

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar góða kynningu og óskar eftir því að starfshópur vinni málið áfram í samræmi við umræðu.*

**2. 2003068 - Viðbragðsáætlun velferðar- og mannréttindasviðs við  
heimsútbreiðslu influensu**

Viðbragðsáætlun á velferðar- og mannréttindasviði vegna COVID-19. Stöðumat og upplýsingar.

*Til kynningar.*

**3. 2011001 - Kynning á barnavernd vegna ársins 2020**

Stöðumat í barnavernd á árinu 2020.

*Velferðar- og mannréttindaráð lýsir yfir áhyggjum af þróun barnaverndarmála. Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að ráðinn verði starfsmaður í fullt starf í barnavernd og jafnframt verði skoðað alverlega að hefja verkefni um snemmtæka íhlutun í barnavernd.*

**4. 2006001 - Fjárhagsaðstoð stöðumat 2020**

Stöðumat vegna fjárhagsaðstoðar á árinu 2020.

*Hrefna Ákadóttir félagsráðgjafi sat fundinn undir þessum lið.*

*Lagt fram til kynningar.*

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti. KS, APÞ, EB, SK og SH.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.**